

Kennsluáætlun

Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð

Kennsluáætlun



Námsgrein: Samfélagsfræði

Bekkur/hópur: 5. bekkur

Kennari: Hrönn Björnsdóttir

Tímabil: Haustönn 2023- 2024

Hæfniviðmið aðalnámskrár lögð til grundvallar.

Hæfniviðmið:

- Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.
- Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa.
- Rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.
- Lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti.
- Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.
- Greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minning

Hæfniviðmið. Samvinna og félagsleg tengsl.

- Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga.

- Rætt reglur í samskiptum við aðra og tekið þátt í að búa til leikreglur með öðrum.
- Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum við aðra
- Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt
- Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.
- Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra
- Sýnt samferðarfólki sínu tillitssemi og umhyggju
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti.

Helstu námsbækur og gögn:

- Ísland hér búum við, lesbók og vinnubók
- Youtube myndbönd
- Verkefni með notkun tölvu/ipad ·
- Kennslubókin Lífið fyrr og nú og verkefni

Leiðsagnarmat:

Hvað verður metið, hvernig og hvenær

- Metið verður eftir vinnusemi í kennslustundum
- Metið verður eftir samvinnu við aðra nemendur.
- Kynningar þar sem nemendur meta hvort annað, jafningjamat og sjálfsmat.
- Verkefni og verkefnabók metin með bókstöfum.

Ágúst- september:

Námsefni: Bókin Lífið fyrr og nú.

Hæfniviðmið:

Nemendur öðlist þekkingu á Íslandssögu, landnámi, ásatrú, húsdýr og mat til forna.

Nemendur þjálfist í: Samvinnu, sjálfstæðum vinnubrögðum, lestri og lesskilning, ritun, sköpun, kynningu og hlustun.

Verkefni: Skrifa sögu um landnám, teikna mynd af goð úr ásatrú, verkefni í google slide um torfbæ, húsdýr og samfélag úr gamla tímanum.

Október - nóvember

Námsefni: Bókin Lífið fyrr og nú.

Hæfniviðmið:

Nemendur öðlist þekkingu á merktum atburðum á síðustu öld, atvinnulíf á Íslandi, menntun til forna og í dag sem og breyttar samfélagsgerðir í tilliti til kynja.

Nemendur þjálfist í: Samvinnu, sjálfstæðum vinnubrögðum, lestri og lesskilning, ritun, sköpun, kynningu og hlustun.

Nemendur vinna ýmis verkefni bæði í tölvum og verkefnablöðum.

Desember - mars

Námsefni: Bókin Ísland Hér búum við og verkefnabók.

Hæfniviðmið:

Nemendur öðlist þekkingu á Íslandi og þá eftirtalin:

Náttúru þess og loftslag - atvinnulíf - dýr - náttúruauðlindir- samgöngur - þekktu ferðamannastaði - þekkt fólk.

Nemendur þjálfist í:

Notkun korta, samvinnu - sjálfstæðum vinnubrögðum - aukin færni í notkun forrita í tölvum - færni í upplýsingaleit með notkun bóka sem og á internetinu - kynningu og hlustun.

Verkefnavinna: Nemendur merkja inn á kort af Íslandi og teikna inn á það. Vinna að verkefnum - búa til veggspjald með notkun google docs um landshluta á Íslandi. Vinna í verkefnabók.

Apríl - maí: Ýmis verkefni, göngutúrar og útikennsla.